

## **BORGARRÁÐ 18. apríl 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun á niðurskurði fjárframlaga til Tónskóla Sigursveins - MSS24040168**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að endurskoða 10 m.kr. niðurskurð á fjárframlögum til Tónskóla Sigursveins sem telst niðurskurður um 626 nemendastundir á skólaárinu. Flokkur fólksins leggur jafnframt til að borgin auki kennslumagn til tónlistarskólanna í samræmi við mikla fólksfjölgun í borginni og langa biðlista í tónlistarnáms endar er hlutfall nemenda í tónlistarnámi í Reykjavík er langt undir því sem tíðkast í öðrum sveitarfélögum.

### **Greinargerð:**

Skrifað var undir framlengingu á þjónustusamningnum í haust með fyrirvara um endurskoðun á niðurskurðinum sem talinn er óréttmætur en nú í lok skólaárs hefur engin leiðrétting átt sér stað. Hætt er við að niðurskurður á kennslumagni gangi ekki til baka á næsta skólaári, a.m.k. er það reynslan síðustu 60 árin. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Tónskólanum. Tónskóli Sigursveins á 60 ára afmæli núna og eru þetta kaldar kveðjur frá meirihluta borgarstjórnar. Í raun er þetta óskiljanleg aðför að skólanum. Fram hefur komið hjá forsvarsmönnum að Tónskóli Sigursveins hefur alla tíð kennt mun fleiri nemendum en styrkur Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir enda metnaður skólans að bjóða sem flestum börnum og unglíngum í Reykjavík upp á góða kennslu og gott tónlistaruppeldi. Tónskólinn hefur lagt sig fram um að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum tónlistarfræðslunnar með auknu samstarfi við grunnskóla og framhaldsskóla, með því að prófa ný kennsluform, auka þátttöku nemenda af erlendum uppruna og jafna þátttöku nemenda í hverfum borgarinnar. Þetta hefur Tónskólinn gert að eigin frumkvæði og staðið undir fjárhagslega án nokkurs stuðnings frá borginni þar sem umsóknum um aukið kennslumagn hefur ítrekað verið hafnað. Árið 1990 voru 600 nemendur í Tónskóla Sigursveins, ívið fleiri en núna en þá greiddi borgin fyrir meira en 30 stöðugildi við skólann en innan við 20 núna (frá 2011 á jöfnunarsjóður að greiða kennslukostnað á framhaldsstigi). Það er einkennilegt að borgin hafi ákveðið að skera fyrst og fremst niður hjá langstærsta tónlistarskólanum í Reykjavík, hagstæðustu rekstrareiningunni og þeim skóla sem getur boðið upp á lægst skólagjöld. Allt þetta kemur fram á samfélagsmiðlum um þennan niðurskurðargjöfning. Fulltrúi Flokks fólksins vonast til þess að meirihlutinn sýni meiri metnað í málefnum tónlistarfræðslunnar og átti sig á gildi tónlistarnáms í samfélaginu og jákvæðum áhrifum þess.